



Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar til 30. júní 2026

**Síminn hf.
Ármúla 25
108 Reykjavík
Kt. 460207-0880**

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra.....	2 - 3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu.....	4
Efnahagsreikningur.....	5
Eiginfjáryfirlit.....	6
Sjóðstreymisyfirlit.....	7
Skýringar.....	8 - 12
Ársfjórðungsyfirlit.....	13

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Símans hf. og dótturfélaga hans. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Hagnaður var af rekstri félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní sem nam 440 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 349 m.kr. á sama tímabili 2025. Heildartekjur félagsins á tímabilinu námu 14.605 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 14.369 m.kr. á sama tímabili árið 2025. Eignir félagsins í lok tímabils námu 44.999 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé nam 16.739 m.kr. og var eiginfjárlutfallið 37,2%.

Þann 18. desember 2025 var undirritaður samningur um kaup á öllu hlutafé í Opnum kerfum hf. (OK) og Öryggismiðstöð Íslands hf. (ÖMÍ). Samanlagt heildarvirði OK og ÖMÍ í viðskiptunum nemur 13.750 m.kr. að viðbættum leiguskuldbindingum sem eru áætlaðar um 1.000 m.kr. Kaupin verða fjármögnuð með hlutafé í Símanum, lánsfé og handbæru fé. Miðað er við að um 6.125 m.kr. verði greiddar með afhendingu u.þ.b. 428 milljón hluta. Viðskiptin eru háð hefðbundnum fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Á aðalfundi félagsins þann 12. mars 2026 var samþykkt tillaga stjórnar um lækkan á hlutafé félagsins vegna eigin hluta sem nam 75 m.kr. að nafnverði. Á sama fundi var samþykkt tillaga um heimild til kaupa á eigin bréfum félagsins að hámarki 240 m.kr. að nafnverði og tillaga um greiðslu arðs að fjárhæð 500 m.kr. til hluthafa sem félagið greiddi þann 30. mars sl. Í samræmi við heimildir aðalfunda félagsins árin 2025 og 2026 hafa á tímabilinu janúar til júní verið keypt eigin bréf að nafnverði 27 m.kr. fyrir 326 m.kr. að markaðsverði. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um breytingar á eigin fé félagsins.

Þann 12. mars komust Síminn hf. og Sýn hf. að samkomulagi um helstu skilmála vegna mögulegra kaupa Símans á vef- og útvarpsmiðlum Sýnar. Í skilmálaskjalinu er fjallað um helstu forsendur viðskiptanna og gert ráð fyrir að heildarvirði einingarinnar sé 5.250 m.kr. og tekjur nemi um 3.000 m.kr. á ársgrundvelli. Samkvæmt skilmálaskjalinu skuldbinda aðilar sig til þess að vinna að því að undirrita kaupsamning á grundvelli þeirra skilmála sem fram koma í skilmálaskjalinu. Viðskiptin eru háð niðurstöðum áreiðanleikakönnunar, samkomulagi um endanlegan kaupsamning, samþykki stjórna beggja aðila og samþykki viðeigandi eftirlitsaðila.

Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands komst að þeirri niðurstöðu að sekta Símann um 76,5 m.kr. á grundvelli þess að stofnunin taldi að Síminn hefði ekki birt ætlaðar innherjaupplýsingar eða tekið ákvörðun um frestun á birtingu á ætluðum innherjaupplýsingum þann 31. ágúst 2021 í tengslum við sölu á dótturfélaginu Mílu ehf. Síminn áfrýjaði málinu fyrst til Héraðsdóms Reykjavíkur og svo til Landsréttar en Seðlabankinn var sýknaður á báðum dómstögum. Þann 10. apríl 2026 hafnaði Hæstiréttur beiðni félagsins um áfrýjunarleyfi. Félagið hefur því gjaldfært fjárhæðina.

Þann 1. júlí 2026 fékk Síminn afhent hlutafé í Greiðslumiðlun Íslands ehf. (GMÍ). Síminn greiddi 2.825 m.kr. að teknu tilliti til leiðréttinga vegna stöðu nettó veltufjármuna, lánasafns Pei og hreinna vaxtaberandi skulda á uppgjörssdegi. Kaupverð er greitt með handbæru fé.

Unnið hefur verið að breyttu skipulagi samstæðunnar og færslu fjarskipta- og miðlareksturs í nýtt dótturfélag. Þessar breytingar fóru fram 1. júlí 2026. Móðurfélag samstæðunnar mun bera nafnið Ásar að undangengnu samþykki hluthafafundar sem verður haldinn 20. ágúst nk. Móðurfélagið mun veita dótturfélögum skilgreinda stoðþjónustu og styðja við þróun samstæðunnar í heild.

Þann 9. júlí 2026 var skrifað undir lánasamninga við Landsbankann um heildarendurfjármögnun Símans hf. og dótturfélaga. Fjárhæð samninga er samtals 31 ma.kr. og eru þeir til fimm ára. Dreigið var á 15 ma.kr. sem nýtt var til uppgreiðslu eldri lána Símans. Þessir lánasamningar tryggja stækkandi samstæðu Símans aukið aðgengi að fjármagni, vissan sveigjanleika í fjármögnunarstrúktúr og hagstæðari kjör. Félagið horfir einnig áfram til markaðsfjármögnunar í fjármögnun félagsins og gaf t.a.m. út skuldabréf fyrir 4,4 ma.kr. þann 11. mars sl. (SIMINN 29-1). Afrakstur þess útboðs var að hluta nýttur í að endurgreiða skuldabréf að fjárhæð 3,0 ma.kr. sem var á gjalddaga 30. júní sl. (SIMINN 26-1).

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árs hlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árs hlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2026, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 30. júní 2026 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2026. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árs hlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra gefi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Símans hf. hafa í dag fjallað um árs hlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. ágúst 2026

Stjórn

Jón Sigurðsson, formaður

Sigrún Ragna Olafsdóttir, varaformaður

Arnar Þór Másson

Bjarni Þorvarðarson

Valgerður Halldórsdóttir

Forstjóri

María Björk Einarsdóttir

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. júní 2026

	Skýr.	2026 1.4.-30.6.	2025 1.4.-30.6.	2026 1.1.-30.6.	2025 1.1.-30.6.
Sala	5	7.194	7.017	14.252	14.020
Kostnaðarverð sölu	6	(4.636)	(4.375)	(9.273)	(8.901)
Framlegð		2.558	2.642	4.979	5.119
Aðrar rekstrartekjur		162	179	353	349
Rekstrarkostnaður	7	(2.100)	(1.890)	(4.296)	(4.348)
Rekstrarhagnaður (EBIT)		620	931	1.036	1.120
Fjármunatekjur		274	238	518	430
Fjármagnsgjöld		(552)	(505)	(1.014)	(1.022)
Gengismunur		(3)	10	35	14
Hrein fjármagnsgjöld	8	(281)	(257)	(461)	(578)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		339	674	575	542
Tekjuskattur		(70)	(137)	(135)	(193)
Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins		269	537	440	349
EBITDA	4	1.599	1.924	2.961	3.196
Hagnaður á hlut					
Hagnaður á hlut		0,12	0,22	0,19	0,14
Þynntur hagnaður á hlut		0,12	0,22	0,19	0,14

Skýringar á blaðsíðum 8 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Efnahagsreikningur 30. júní 2026

	Skýr.	30.6.2026	31.12.2025
Eignir			
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir		3.566	3.555
Leigueignir		2.016	1.843
Óefnislegar eignir		26.425	27.048
Aðrar eignir	9	538	871
Fastafjármunir		<u>32.545</u>	<u>33.317</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	10	1.843	1.550
Viðskiptakröfur	11	2.479	2.538
Útlán	12	3.995	4.204
Aðrar skammtímakröfur	13	2.072	1.733
Handbært fé		2.065	980
Veltufjármunir		<u>12.454</u>	<u>11.005</u>
Eignir samtals		<u><u>44.999</u></u>	<u><u>44.322</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		2.304	2.331
Lögbundinn varasjóður		583	583
Annað bundið eigið fé		1.661	1.390
Óráðstafað eigið fé		12.191	12.797
Eigið fé		<u>16.739</u>	<u>17.101</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		17.576	13.127
Leiguskuldbindingar		1.733	1.573
Viðskiptaskuldir		630	734
Tekjuskattsskuldbinding	14	650	629
Langtímaskuldir		<u>20.589</u>	<u>16.063</u>
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		1.056	1.401
Viðskiptaskuldir	15	4.045	4.596
Næsta árs afborganir langtímaskulda		0	3.000
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga		427	396
Skattar til greiðslu		548	542
Aðrar skammtímaskuldir	16	1.595	1.223
Skammtímaskuldir		<u>7.671</u>	<u>11.158</u>
Skuldir samtals		<u>28.260</u>	<u>27.221</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>44.999</u></u>	<u><u>44.322</u></u>

Skýringar á blaðsíðum 8 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Eiginfjáryfirlit 30. júní 2026

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samts
Eigið fé 1.1.2025	2.483	621	828	14.184	18.116
Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins				349	349
Greiddur arður (0,2 á hlut)			(	498)	(498)
Keypt eigin bréf	(78)	(19)	(	974)	(1.071)
Fært á bundið eigið fé			227	(227)	0
Kostnaður v/ kaupréttarsamninga				21	21
Eigið fé 30.6.2025	2.405	602	1.055	12.855	16.917
Eigið fé 1.1.2026	2.331	583	1.390	12.797	17.101
Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins				440	440
Greiddur arður (0,2 á hlut)			(	500)	(500)
Keypt eigin bréf	(27)		(	299)	(326)
Fært á bundið eigið fé			271	(271)	0
Kostnaður v/ kaupréttarsamninga				24	24
Eigið fé 30.6.2026	2.304	583	1.661	12.191	16.739

Skýringar á blaðsíðum 8 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 30. júní 2026

	Skýr.	2026 1.4.-30.6.	2025 1.4.-30.6.	2026 1.1.-30.6.	2025 1.1.-30.6.*	
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi		620	931	1.036	1.120	
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir		979	993	1.925	2.076	
Söluhagnaður rekstrarfjármuna		0 (	4)	0 (	4)	
Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi		12	10	24	21	
		1.611	1.930	2.985	3.213	
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:						
Birgðir, (hækkun) lækkun	(	19)	10	(	62)	
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	(	65)	160	(	244)	
Útlán, lækkun		92	42	298	25	
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(	157)	(	328)	25	
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	(	149)	(	116)	17	
		1.462	1.814	3.002	2.958	
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta						
		1.462	1.814	3.002	2.958	
Innborgaðir vextir		262	233	482	417	
Greiddir vextir	(	558)	(	541)	(	986)
Greiddir skattar	(	64)	(	70)	(	107)
Handbært fé frá rekstri		1.102	1.436	2.391	2.291	
Fjárfestingarhreyfingar						
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(	197)	(	230)	(	572)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(	541)	(	466)	(	793)
Söluverð rekstrarfjármuna		1	7	4	7	
Keypt lánasafn		0	0	0	(	1.429)
Fjárfestingarhreyfingar	(	737)	(	689)	(	1.361)
Fjármögnunarhreyfingar						
Greiddur arður		0	0	(	500)	
Kaup eigin bréfa	(	262)	(	546)	(	326)
Tekin ný langtímalán		0	1.200	4.440	2.700	
Afborganir langtímalána	(	1.660)	(	107)	(	3.000)
Afborganir leiguskuldbindinga	(	111)	(	90)	(	211)
Skammtímalán, breyting	(	345)	(	849)	(	345)
Fjármögnunarhreyfingar	(	2.378)	(	392)	58	291
Breyting á handbæru fé	(	2.013)	355	1.088	(	83)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	0	(	4)	(	3)	
Handbært fé í byrjun tímabilsins		4.078	393	980	835	
Handbært fé í lok tímabilsins		2.065	744	2.065	744	

* Samanburðartölur hafa verið endurflokkaðar. Sjá nánar í skýringu 3.
Skýringar á blaðsíðum 8 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

1. Starfsemi

Síminn hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög á Íslandi. Höfuðstöðvar félagsins eru að Ármúla 25 í Reykjavík. Samtæðuárshlutareikningur fyrir tímabilið janúar til júní 2026 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem „félagsins“ og til einstakra félaga sem „dótturfélaga“. Dótturfélög Símons hf. eru Síminn Pay ehf., Radiómiðun ehf., Billboard ehf., BBI ehf. og Noona Iceland ehf.

Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta, fjártækni og miðlunar.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

2.1. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Símons hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2025. Valdar skýringar eru með árshlutareikningnum til að skýra og upplýsa um rekstur félagsins á tímabilinu og breytingar á fjárhagslegri stöðu frá síðasta ársreikningi.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www.siminn.is og á vef Kauphallar Íslands: www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu árshlutareikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundum þann 19. ágúst 2026.

2.2. Grundvöllur matsaðferða

Samtæðuárshlutareikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

2.3. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

2.4. Mat og ákvarðanir

Gerð samtæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

3. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2025.

Frá 1. janúar 2026 er breyting útlána í sjóðstreymisýfirliti færð undir breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum. Áður voru breytingar á útlánnum færðar sem fjárfestingarhreyfing. Samanburðartölum hefur verið breytt til samræmis og 25 m.kr. lækkun útlánasafns sem áður var undir fjárfestingarhreyfingum er færð undir breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum.

4. Starfsþáttayfirlit

Yfirlit um starfsþætti veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins og er sett fram með sama hætti og regluleg skýrslugjöf til stjórnar félagsins.

Starfsemi félagsins skiptist í sex starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru:

Starfsþáttur	Lýsing
Farsímaþjónusta:	Farsímaþjónusta innanlands og erlendis, hvort sem er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta.
Gagnaflutningur:	Gagnaflutningsþjónusta, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, heimtaugar og aðgangsnét.
Sjónvarpsþjónusta:	Dreifing á sjónvarpsefni, áskriftir og notkun á miðlum félagsins.
Auglýsingamiðlun	Auglýsingatekjur í umhverfismiðlun og sjónvarpi.
Vörusala:	Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.
Annað:	Fjártækni og önnur starfsemi sem fellur ekki undir aðra starfsþætti.

Starfsþættir 1.1.-30.6.2026	Farsíma- þjónusta	Gagna- flutningur	Sjónvarps- þjónusta	Auglýsinga- miðlun	Vörusala búnaðar	Annað	Samtals
Rekstrartekjur	3.496	4.184	3.623	1.312	903	1.087	14.605
Óskipt rekstrargjöld							(11.644)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)							2.961
Afskriftir							(1.925)
Hrein fjármagnsgjöld							(461)
Tekjuskattur							(135)
Hagnaður tímabilsins							440
Fjárfestingar							(1.361)
Óskiptar eignir 30.6.2026							44.999
Óskiptar skuldir 30.6.2026							28.260

Starfsþættir 1.1.-30.6.2025	Farsíma- þjónusta	Gagna- flutningur	Sjónvarps- þjónusta	Auglýsinga- miðlun	Vörusala búnaðar	Annað	Samtals
Rekstrartekjur	3.428	4.152	3.723	1.167	792	1.107	14.369
Óskipt rekstrargjöld							(11.173)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)							3.196
Afskriftir							(2.076)
Hrein fjármagnsgjöld							(578)
Tekjuskattur							(193)
Hagnaður tímabilsins							349
Fjárfestingar							(1.236)
Óskiptar eignir 30.6.2025							42.006
Óskiptar skuldir 30.6.2025							25.089

5. Sala

Seld þjónusta og vörur greinast þannig:

	2026 1.1.-30.6.	2025 1.1.-30.6.
Sala á þjónustu	11.974	12.016
Auglýsingasala	1.296	1.153
Vörusala	982	851
	<u>14.252</u>	<u>14.020</u>

Enginn einstakur viðskiptavinur er með meira en 10% af sölu félagsins.

6. Kostnaðarverð sölu

Kostnaðarverð sölu greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld	886	827
Kostnaðarverð seldrar þjónustu	6.341	5.926
Kostnaðarverð seldra vara	872	754
Eignfærð vinna	(100)	(87)
Afskriftir	<u>1.274</u>	<u>1.481</u>
	<u>9.273</u>	<u>8.901</u>

Kostnaðarverð seldrar þjónustu samanstendur af: efniskostnaði, þjónustusamningum, leyfisgjöldum, aðkeyptri þjónustu og fjarskiptakostnaði.

7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld	2.068	1.875
Markaðs- og sölukostnaður	332	324
Húsnæðis- og bifreiðakostnaður	124	128
Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður	586	534
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	458	431
Stjórnvaldssekt og skaðabætur	77	461
Afskriftir	<u>651</u>	<u>595</u>
	<u>4.296</u>	<u>4.348</u>

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Fjármunatekjur

Vaxtatekjur af bankainnistæðum og kröfum	192	108
Vaxtatekjur af útlánum	<u>326</u>	<u>322</u>
	518	430

Fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld	(887)	(821)
Vaxtagjöld vegna leiguskuldbindinga	(82)	(84)
Niðurfærsla útlána	(13)	(55)
Önnur fjármagnsgjöld	<u>(32)</u>	<u>(62)</u>
	(1.014)	(1.022)

Gengismunur	35	14
Hrein fjármagnsgjöld	<u>(461)</u>	<u>(578)</u>

9. Aðrar eignir

Aðrar eignir greinast þannig:	30.6.2026	31.12.2025
Fjárfesting í öðrum félögum	57	57
Sjónvarpsefni til sýningar	237	468
Útlán til meira en 12 mánaða	244	346
Aðrar eignir samtals	<u>538</u>	<u>871</u>

10. Birgðir

Birgðir greinast þannig:		
Vörur til endursölu og rekstrarvörubirgðir	941	724
Sjónvarpsefni til sýningar	<u>902</u>	<u>826</u>
Birgðir samtals	<u>1.843</u>	<u>1.550</u>

11. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur	2.600	2.653
Niðurfærsla viðskiptakrafna	<u>(121)</u>	<u>(115)</u>
Viðskiptakröfur samtals	<u>2.479</u>	<u>2.538</u>

12. Útlán

Útlán félagsins samanstanda af útlánum dótturfélags Símans hf., Símans Pay ehf. Eingöngu er um að ræða útlán til einstaklinga á bilinu 1-36 mánuðir.

Útlán 30.6.2026:	Brúttó bókfært virði	Fært meðal langtíma- krafna	Vænt útlánatap	Skamm- tímahluti útlána
Útlán fastar greiðslur 1-36 mánuðir	1.097	(244)	(56)	797
Kreditkort, sveigjanlegar greiðslur	<u>3.314</u>	<u>0</u>	<u>(116)</u>	<u>3.198</u>
	<u>4.411</u>	<u>(244)</u>	<u>(172)</u>	<u>3.995</u>

Útlán 31.12.2025:

Útlán fastar greiðslur 1-36 mánuðir	1.599	(345)	(74)	1.180
Kreditkort, sveigjanlegar greiðslur	<u>3.158</u>	<u>0</u>	<u>(134)</u>	<u>3.024</u>
	<u>4.757</u>	<u>(345)</u>	<u>(208)</u>	<u>4.204</u>

13. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	30.6.2026	31.12.2025
Fyrirframgreiddur kostnaður	1.055	724
Aðrar skammtímakröfur	<u>1.017</u>	<u>1.009</u>
Aðrar skammtímakröfur samtals	<u>2.072</u>	<u>1.733</u>

14. Tekjuskattsskuldbinding

Hreyfingar á tekjuskattsskuldbindingu greinast á eftirfarandi hátt:

	30.6.2026	31.12.2025
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun.....	629	686
Tekjuskattur tímabilsins.....	135	485
Skattar til greiðslu.....	(114)	(542)
Tekjuskattsskuldbinding samtals.....	<u>650</u>	<u>629</u>

15. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir greinast þannig:

Viðskiptaskuldir	2.985	3.374
Áfallinn kostnaður	1.060	1.222
Viðskiptaskuldir samtals	<u>4.045</u>	<u>4.596</u>

Viðskiptaskuldir sem koma til greiðslu eftir 12 mánuði eða meira falla undir viðskiptaskuldir meðal langtímaskulda.

16. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

Áfallinn kostnaður	767	664
Ógreidd laun og launatengd gjöld	465	203
Ógreiddur virðisaukaskattur	362	355
Aðrar skammtímaskuldir	<u>1</u>	<u>1</u>
Aðrar skammtímaskuldir samtals	<u>1.595</u>	<u>1.223</u>

17. Málarekstur

Staða eftirfarandi máls er óbreytt frá útgáfu ársreiknings 2025.

Símanum barst andmælaskjal frá Samkeppniseftirlitinu í tengslum við kaupin á Noona Iceland. Frumskoðun Samkeppniseftirlitsins er að brotið hafi verið gegn ákvæðum samkeppnislaga í tengslum við upplýsingagjöf gagnvart Samkeppniseftirlitinu þegar stofnunin var með kaupin á Noona Iceland til skoðunar. Einnig eru gerðar athugasemdir við hugsanlega framkvæmd samrunans áður en rannsókn eftirlitsins lauk. Síminn hefur svarað andmælaskjalinu og hefur sett fram sjónarmið félagsins.

Þrátt fyrir að óvissa sé um niðurstöðu þessa máls er það mat stjórnenda að ekki komi til verulegra fjárútláta vegna þess. Félagið hefur ekki fært neinn kostnað í reikningsskil sín vegna mögulegra bóta í framangreindu máli.

18. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem höfðu áhrif á árshlutareikninginn.

Ársfjórðungsýfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

	1 F 2026	2 F 2026	Samtals
Sala	7.058	7.194	14.252
Kostnaðarverð sölu	(4.637)	(4.636)	(9.273)
Framlegð	2.421	2.558	4.979
Aðrar rekstrartekjur	191	162	353
Rekstrarkostnaður	(2.196)	(2.100)	(4.296)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	416	620	1.036
Hrein fjármagnsgjöld	(180)	(281)	(461)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	236	339	575
Tekjuskattur	(65)	(70)	(135)
Hagnaður tímabilsins	171	269	440
EBITDA	1.362	1.599	2.961

	1 F 2025	2 F 2025	3 F 2025	4 F 2025	Samtals
Sala	7.003	7.017	6.888	7.090	27.998
Kostnaðarverð sölu	(4.526)	(4.375)	(4.099)	(4.288)	(17.288)
Framlegð	2.477	2.642	2.789	2.802	10.710
Aðrar rekstrartekjur	170	179	174	246	769
Rekstrarkostnaður	(2.458)	(1.890)	(1.938)	(2.056)	(8.342)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	189	931	1.025	992	3.137
Hrein fjármagnsgjöld	(321)	(257)	(245)	(238)	(1.061)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	(132)	674	780	754	2.076
Tekjuskattur	(56)	(137)	(158)	(134)	(485)
Hagnaður (tap) tímabilsins	(188)	537	622	620	1.591
EBITDA	1.272	1.924	1.848	1.916	6.960